

Akureyrarbær,
Skipulagsstjóri, Pétur Ingi Haraldsson,
Geislagötu 9,
600 Akureyri.

Akureyri 25.03.2021.

Varðandi: Skipulagsskilmálar Mótélbygginga í 1. Áfanga deiliskipulags Hálanda.

Deiliskipulag *Frístundabyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis að Hlíðarenda 1. áfangi* tók gildi 28. mars 2011.

Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir fyrir fjórar mótélbyggingar, merkt M1 á skipulagsuppdrætti. Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að *M1 - mótélbygging er 8-12 herbergja hús á einni hæð auk kjallara að hámarki 1040 m² að flatarmáli. Hæð skal ekki fara yfir 9 m yfir gólfkóta kjallara og er þak einhalla.*

Jafnframt kemur fram varðandi bílastæði: *Við hverja mótélbyggingu (M1) er gert ráð fyrir minnst 1 bílastæði á hvert herbergi Þar af eru ráðgerð 2 bílastæði fyrir fatlaða við hverja mótélbyggingu (M1).*

Við vinnslu skipulagsins lá ekki fyrir nákvæm útfærsla á byggingum á reiti M1. Því var talan um fjölda herbergjaeininga sett fram til lýsingar fremur en nákvæmrar viðmiðunar. Við nákvæmari skoðun og útfærslu liggur nú fyrir að æskilegt er að fjöldi herbergja á einni hæð sé 16, auk sameiginlegs þjónusturýmis, samanber meðfylgjandi byggingarnefndarteikningar unnar af Haraldi Árnasyni fyrir Mótélbygginguna merkt B á skipulagsuppdrætti. Staðsetning byggingar er innan skilgreinds byggingarreits. Umfang byggingar, hæð, efnismeðferð og fjöldi bílastæða er í samræmi við skilmálum skipulagsins.

Óskað er eftir að við útgáfu byggingarleyfis verði heimiluð fjölgun herbergja í hverri byggingu merkt M1 allt að 16 herbergi á grundvelli 3. mgr. 43 gr. Skipulagslaga þar sem megin ákvæði skipulagsins breytast ekki og um svo óveruleg frávik að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Fyrir hönd SS. Byggir, eiganda Hálanda,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Halldór Jóhannsson".

Halldór Jóhannsson
Skipulagsráðgjafi
halldor@arcticportal.org
S. 899 2828